

Fimmtudaginn 2. febrúar 1995.

Nr. 27/1992.

**Protabú Grundarkjörs hf.**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

**Ó. Johnson & Kaaber hf.**

(Othar Örn Petersen hrl.)

**og gagnsök**

Gjaldþrot. Greiðsla. Riftun. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1992. Eru dómkröfur hans þessar:

1. Að rift verði ávísun/framsali Grundarkjörs hf. á andvirði allra Visa-viðskipta félagsins vegna verslunar að Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði, til gagnáfrýjanda fyrir úttektartímabilið 18. apríl til 17. maí 1990, að fjárhæð 3.946.338 krónur.

2. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 3.946.338 krónur með dráttarvöxtum frá 2. júní 1990 til greiðsludags samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989.

Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 16. mars 1992 og gerir eftirfarandi dómkröfur:

1. Aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjanda og sér verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

2. Til vara, að hann verði einungis dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda 870.146,30 krónur með almennum sparisjóðsvöxtum frá 26. júní 1990 til greiðsludags, en aðaláfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

3. Til þrautavara, að hann verði einungis dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda lægri fjárhæð en stefnufjárhæð með almennum sparisjóðsvöxtum frá 26. júní 1990 til greiðsludags, en aðaláfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, varð samkomulag um kaup Grundarkjörs hf. á vörum af gagnáfrýjanda gegn ávísun til hans á andvirði allra Visa-viðskipta tiltekinnar verslunar Grundarkjörs hf. á tímabilinu 18. apríl til 17. maí 1990, sem skyldi koma til greiðslu hjá Visa-Íslandi – Greiðslumiðlun hf. um það bil hálfum mánuði eftir lok tímabilsins, þ. e. í byrjun júní 1990. Greiðsluávísunin var tilkynnt Visa-Íslandi, sem áritaði hana með fyrirvara um lögmæti undirskriftar Grundarkjörs hf. Bú Grundarkjörs hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 17. maí 1990.

Gagnáfrýjandi kveður það hafa verið skilning beggja aðila, að viðskipti með þessum hætti væru staðgreiðsluviðskipti, enda hafi ávallt verið að því gætt, að hann hefði í greiðslumiðum fjárhæð undir höndum, er svaraði til úttekta Grundarkjörs hf. hjá honum. Grundarkjör hf. hafi og fengið staðgreiðsluafslátt í viðskiptunum. Líta verði á víxil þann, sem um er deilt, að fjárhæð 870.146,30 krónur, sem hluta af þessum viðskiptum. Þá hefur komið fram af hálfu gagnáfrýjanda, að forsvarsmaður Grundarkjörs hf. óskaði eftir staðgreiðsluviðskiptum með þessum hætti, en áður en til samkomulagsins kom, hafi viðskipti aðilanna að hluta til verið staðgreiðsluviðskipti, en að einhverju leyti lánsviðskipti. Af hálfu aðaláfrýjanda hefur lýsingu gagnáfrýjanda á viðskiptunum og skilningi aðila á þeim ekki verið hnekk.

Telja verður í ljós leitt af gögnum málsins, að gegn afhendingu vara til Grundarkjörs hf. fékk gagnáfrýjandi fyrirvaralaust framsal kröfu á hendur þriðja manni, sem ekki varð afturkallað af hálfu verslunarinnar. Eins og málið liggur fyrir, verður að telja, að öruggt hafi verið, að krafan kæmi til greiðslu af hálfu Visa-Íslands – Greiðslumiðlunar hf. Með þessu fékk gagnáfrýjandi greiðslu vörunnar með þeim hætti, að viðskiptunum verður jafnað við staðgreiðsluviðskipti. Krafa aðaláfrýjanda um, að greiðslurnar renni til búsins á grundvelli 22. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978 verður því ekki tekin til greina.

Greiðsla Grundarkjörs hf. með fyrrgreindum hætti fyrir vörur frá gagnáfrýjanda verður samkvæmt framansögðu ekki talin jafngilda greiðslu skuldar í skilningi 54. gr. laga nr. 6/1978 eða tryggingu samkvæmt 57. gr. sömu laga, og kemur riftun á grundvelli þessara laga-ákvæða því ekki til álita, að því er þessa greiðslu varðar. Hins vegar

er á það fallist með héraðsdómara, að með framsali Grundarkjörs hf. á kröfuréttindum til greiðslu á gjaldföllum vixli, að fjárhæð 870.146,30 krónur, hafi verið stofnað til tryggingarréttinda gagnáfrýjanda til handa, sem falli undir riftunarheimild 57. gr., og er því staðfest niðurstaða hans um riftun þessarar greiðslu svo og um endurgreiðslu víxilfjárhæðarinnar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um synjun á riftunarkröfu aðaláfrýjanda, er byggist á 61. gr. laga nr. 6/1978.

Samkvæmt framansögðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um annað en málskostnað. Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Aðaláfrýjandi, þrotabú Grundarkjörs hf., greiði gagnáfrýjanda, Ó. Johnson & Kaaber hf., 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### **S é r a t k v æ ð i** **Hrafns Bragasonar og** **Hjartar Torfasonar**

Ágreiningur máls þessa varðar þýðingu greiðsluávísunar Grundarkjörs hf. til gagnáfrýjanda á Visa-viðskipti frá 28. mars 1990 við gjaldþrotaskipti, en félagið varð gjaldþrota 17. maí sama ár. Greiðsluávísunin er svohljóðandi:

„Undirritaður söluaðili, Grundarkjör hf., Reykjavíkurvegi 72, nafnr. 690388-1549, ávísar hér með andvirði allra Visa-viðskipta sinna skv. ofangreindum samningi til O. Johnson & Kaaber hf. Óskast greiðslan framvegis og þar til öðruvísi verður ákveðið lögð inn á tékkareikning nr. 765 hjá Landsbanka, aðalbanka.

Hin breytta ráðstöfun tekur gildi frá og með útborgunardegi fyrir viðskiptatímabilið 18/3 til 17/4 1990, og er það óafturkallanlegt nema með samþykki beggja aðila.“

Ávísunin er árituð af Visa-Íslandi með fyrirvara um lögmæti undirskriftar söluaðila. Tékkareikningurinn var á nafni gagnáfrýjanda.

Með bréfi 18. maí 1990 fór bústjóri þess á leit við Visa-Ísland, að allar óinnheimtar greiðslunótur Grundarkjörs hf. yrðu lagðar inn á reikning þrotabúsins, og með bréfi 23. sama mánaðar til gagnáfrýjanda var rift ráðstöfun samkvæmt greiðsluávísuninni og vísað um það til 54. og 61. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Visa-Ísland varð ekki við kröfum bústjóra, og því var mál þetta höfðað.

Visa-Ísland er fyrirtæki, sem miðlar greiðslum neytenda til söluaðila vöru eða þjónustu. Við þetta fær neytandinn nokkurn greiðslufrest hjá söluaðila, en staðfestir í þess stað, að greiðslumiðlunar-fyrirtækið muni að nokkrum tíma liðnum leysa til sín kröfuna á hann. Grundarkjör hf. greiddi þannig gagnáfrýjanda með kröfum á þriðja mann, Visa-Ísland. Greiðslur þessar fóru ekki fram samtímis vöruafhendingum og gagnáfrýjandi veitti misjafnlega langan greiðslufrest. Í stað þess fékk hann tryggingu í viðurkenningarnótum almennra viðskiptamanna Grundarkjörs hf., sem myndaðist við afhendingu þeirra til hans. Hann fékk svo greiðslu á inneign sinni samkvæmt tryggingunni að ákveðnum tíma liðnum. Á meðan skuldaði Grundarkjör hf. honum fjárhæð greiðslunótnanna. Hefðu einhverjar greiðslunótur ekki verið gildar að skilmálum Visa-Íslands, hefði skuld samkvæmt þeim orðið að teljast ógreidd. Samkvæmt málflutningi áttu gagnáfrýjandi og Grundarkjör hf. að gera viðskipti sín upp að loknu tímabilinu og jafna það, sem á milli bar, á hvorn veginn, sem það yrði. Hefur gagnáfrýjandi ekki sýnt fram á, að endurgjald til hans í viðskiptunum hafi verið bókfært fyrr en uppgjórið fór fram. Verður ekki á það fallist, að um staðgreiðsluviðskipti hafi verið að ræða.

Greiðsluávísun Grundarkjörs hf. varðar ekki almennan tilgang greiðslumiðlunar Visa, og hún var gefin út minna en sex mánuðum fyrir frestdag. Þá var þetta nýbreytni í viðskiptum aðila, sem var til þess fallin að gera gagnáfrýjanda betur settan en aðra þá, sem birgðu Grundarkjör hf. upp að vörum á þessum tíma. Gat greiðslueyrir sá, sem um var samið, ekki virst venjulegur, eins og á stóð.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, teljum við greiðsluávísunina hafa verið riftanlega samkvæmt 54. gr. og 57. gr. laga nr. 6/

1978, sbr. nú 134. gr. og 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991. Ber þegar af þeim ástæðum að taka kröfu áfrýjanda til greina í heild sinni samkvæmt 62. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 142. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. desember 1991.**

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms föstudaginn 13. desember sl., hefur þrotabú Grundarkjörs hf., kt. 690388-1549, Auðbrekku 10, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 21. febrúar 1991, á hendur O. Johnson & Kaaber hf., kt. 490269-3479, Sætúni 8, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru eftirgreindar:

1. Að rift verði með dómi ávísun/framsali Grundarkjörs hf. á andvirði allra Visa-viðskipta félagsins vegna verslunar félagsins að Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði, til stefnda fyrir úttektartímabilið 18. apríl til 17. maí 1990, að fjárhæð 3.946.338 kr.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 3.946.338 kr. með dráttarvöxtum frá 2. júní 1990 til greiðsludags samkvæmt 10. gr. vaxtalaaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989.
3. Þá krefst stefnandi málskostnaðar [...].

Endanlegar dómkröfur stefnda eru aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Til vara krefst stefndi, að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnanda 870.146,30 kr. með almennum sparisjóðsvöxtum frá 26. júní 1990 til greiðsludags.

Til þrautavara krefst stefndi, að honum verði gert að greiða fjárhæð, lægri en stefnufjárhæð, með almennum sparisjóðsvöxtum frá 26. júní 1990 til greiðsludags.

Stefndi krefst þess í öllum tilvikum, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað [...].

Upphafleg stefnukrafa máls þessa var að fjárhæð 7.341.420 kr., en samkvæmt sátt, sem gerð var 28. október 1991, voru endurgreiddar 2.057.971 kr., sem var uppgjör á þeim hluta Visa-greiðslna, sem gekk til greiðslu á þremur víxlum, þar af tveimur samþykktum af stefnda til greiðslu 16. maí 1990 og einum víxli samþykktum af Íslensk-ameríska hf. til greiðslu 1. júní 1990. Stefndi mun hafa greitt 1.337.111 kr. beint til stefnanda. Mismunurinn, að fjárhæð 3.946.338 kr., er í samræmi við endanlegar dómkröfur stefnanda.

Í málinu hefur verið lögð fram eftirgreind yfirlýsing lögmanns stefnanda, dagsett 3. desember 1991:

„Fyrir bæjarþingi Reykjavíkur er nú rekið málið Þrotabú Grundarkjörs hf. (stefnandi) gegn O. Johnson & Kaaber hf. (stefndi) vegna framsals Grundarkjörs á Visa-greiðsluseðlum til stefnda. Stefndi heldur því fram, að þegar um Visa-viðskiptin var samið, hafi jafnframt verið svo samið, að Íslensk-ameríska hf. fengi helming andvirðis greiðsluseðlanna. Þessi tilhögun hafi verið nauðsynleg, þar sem Visa samþykkti einungis framsal til eins aðila vegna Visa-viðskipta í hverri verslun.

Ég undirritaður, Skarphéðinn Þórisson hrl., skiptastjóri Þrotabús Grundarkjörs hf., fellst á þessa skýringu, og eru því viðskipti, sem Íslensk-ameríska hf. hefur átt í þessa veru, jafngild og stefndi hafi sjálfur átt þau viðskipti.“

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

## 2.0.

Stefnandi segir málavexti vera þá, að 17. maí 1990 hafi bú Grundarkjörs hf. verið tekið til gjaldþrotaskipta hjá bæjarfógetaembættinu í Kópavogi. Samdægurs hafi hæstaréttarlögmennirnir Sigmundur Hannesson og Skarphéðinn Þórisson verið skipaðir bústjórar til bráðabirgða, og á fyrsta skiptafundi búsinns 11. október 1990 hafi þeir verið kosnir skiptastjórar þrotabúsins.

Meðal upphafsráðstafana skiptastjóra hafi verið almenn krafa til greiðslukortafyrirtækja, að allar ógreiddar greiðslukortanótur þrotabúsins rynnu örugglega til félagsins á gjalddögum, og hafi fyrsti gjalddagi eftir gjaldþrotauárskurð verið 2. júní 1990.

Fljótlega hafi komið í ljós, að þrotamaður hafi ráðstafað Visa-greiðsluseðlum hvernar einstakrar verslunar félagsins fyrir úttektartímabilið 18. apríl til 17. maí 1990 til sérstaks kröfuhafa. Hvað varðar mál þetta, þá hafi þrotamaður ráðstafað andvirði allra Visa-viðskipta sinna vegna verslunar félagsins að Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði, til stefnda fyrir tímabilið 18. apríl til 17. maí 1990. Ráðstöfun þessi sé samkvæmt samningi þrotamanns og stefnda, dagsettum 28. mars 1990, með samþykki Visa-Íslands.

Með bréfi til stefnda, dagsettu 23. maí 1990, sbr. bréf, dagsett 28. maí, til sama, hafi ráðstöfun þessari verið rift og þess krafist, að stefnandi fengi þá fjárhæð, sem kæmi til greiðslu 2. júní 1990. Riftunarkröfu stefnanda hafi verið eindregið mótmælt af hálfu stefnda.

Visa-Ísland hafi ekki greitt stefnanda þá fjárhæð, sem hann gerði kröfu til, en með bréfi, dagsettu 14. september 1990, hafi Visa-Ísland loks upplýst stefnanda um, hvernig sú fjárhæð, sem koma hafi átt til greiðslu 2. júní

1990, sundurliðaðist. Samkvæmt þeirri sundurliðun hafi stefndi átt að fá samkvæmt greindum samningi 7.341.420 kr., sem jafnframt var upphafleg dómkrafa þessa máls.

Þegar Grundarkjör hf. hafi verið lýst gjaldþrota 17. maí 1990, hafi fyrirtækið verið orðið óstarfhæft vegna mikilla skuldbindinga og óreiðu í rekstri. Í þessu sambandi megi benda á það, að lýstar kröfur í þrotabúið hafi numið um það bil 248.000.000 króna og þar af sé gert ráð fyrir, að um það bil 230.000.000 kr. verði endanlega samþykktar sem kröfur í búið, þar með taldar forgangskröfur. Áætlanir geri ráð fyrir því, að eignir til skipta verði í besta falli 36.000.000 kr., þegar upp verði staðið. Af þessu megi sjá, að miklar skuldir hafi safnast saman í rekstri hjá þrotamanni, sem ekki hefði rekið verslanir sínar nema á þriðja ár.

Hinn 28. mars 1990 hafi stefndi undirritað samninginn við Grundarkjör hf. um framsal hluta af Visa-viðskiptum fyrirtækisins. Rúmum fimm vikum síðar hafi verið búið að loka öllum verslunum fyrirtækisins, og um það bil sjö vikur frá samningsdegi hafi verið búið að lýsa félagið gjaldþrota.

Öllum, sem viðskipti hafi átt við Grundarkjör hf., hafi hlotið að hafa verið það ljóst í lok mars 1990, að fyrirtækið ætti sér ekki viðreisnar von og gjaldþrot blasti við. Framsal Grundarkjörs hf. á greiðslukortanótum sínum hafi verið örvæntingarfull tilraun þrotamanns til að gera upp skuldir bæði við nokkur stór heildsölufyrirtæki og tryggja framhald vörukaupa frá sömu aðilum.

Með sex sjálfstæðum samningum, undirrituðum í febrúar og mars 1990, hafi þrotamaður ráðstafað nánast öllum Visa-greiðslum til jafnmargra aðila. Hafi aðilar þessir fengið og þar á meðal stefndi fyrstu greiðslu vegna samninga þessara 2. maí 1990, og næsta greiðsla hafi átt að renna til þeirra 2. júní 1990, eins og áður hafi verið rakið.

Ljóst sé, að framsal þrotamanns á Visa-greiðslum sínum hafi flýtt óhjákvæmilegum endalokum fyrirtækisins. Visa-greiðslur hafi verið stór hluti viðskipta fyrirtækisins og óhugsandi að missa þessa fjármuni úr rekstri án mikilla vandræða.

Stefnda hafi strax verið tilkynnt um fyrirhugaða riftun stefnanda á Visa-viðskiptum hans. Höfðun riftunarmáls hafi verið samþykkt af meiri hluta kröfuhafa í þrotabúi stefnanda 8. janúar 1991. Ekki hafi legið ljóst fyrir um fyrirhugaða riftunarfjárhæð fyrr en eftir 14. september 1990, þegar Visa-Ísland hafi sent stefnanda skilagrein vegna ofangreindra viðskipta.

Kröfulýsingarfrestur í þrotabú Grundarkjörs hf. hafi runnið út 20. ágúst 1990, og fyrsti skiptafundur hafi verið haldinn 11. október sama ár. Rétt sé, að fram komi, að stefndi hafi aldrei lýst kröfu sinni í þrotabú Grundarkjörs hf.

---

### 6.0. Forsendur og niðurstaða.

Fyrst ber að víkja að þeirri málsástæðu stefnanda, að greiðsla sú, er mál þetta snýst um, eigi að renna til búsins, þar sem hún hafi ekki átt að koma til útborgunar fyrr en eftir gjaldþrotaúrskurð, þ. e. Visa-Ísland hafi átt að greiða stefnda 2. júní 1990, en þrotabú Grundarkjörs hf. hafi verið lýst gjaldþrota 17. maí 1990.

Samkvæmt VII. kafla laga nr. 6/1978 getur bú tekið við réttindum og skyldum þrotamanns eftir gagnkvæmum samningi, sem ekki hefur að hluta eða í heild verið efndur á frestdegi. Svo sem stefnandi heldur fram, er það meginregla, að greiðsla, sem þrotamaður hefur ráðstafað með samningi fyrir gjaldþrot, en verður ekki látin af hendi fyrr en eftir úrskurð um gjaldþrot, eigi að renna til viðkomandi þrotabús, ef það krefjist þess, sbr. 22. gr. lagaanna.

EKKI verður fallist á þá málsástæðu stefnda, að um staðgreiðslu hafi verið að ræða. Samkvæmt samkomulagi aðila um ávísun á andvirði allra Visa-viðskipta til stefnda var gert ráð fyrir ákveðnum útborgunardögum. Samkvæmt því hefði greiðsludagur orðið 2. júní 1990. Samkomulagið var því ekki að fullu efnt við lok hvernar vöruúttektar þrotamanns eða samtímis því, að stefndi lét vörur af hendi við stefnanda, eins og stefndi heldur fram, heldur eftir að greiðsla hafði farið fram.

Á hinn bóginn verður að líta til þess, að greiðsluávísunin var fyrirvaralaus af hálfu þrotamanns um yfirfærslu allra réttinda samkvæmt Visa-viðskiptaseðlunum til stefnda að því marki, sem þrotamaður hafði í hvert skipti nýtt sér úttektarheimild samkomulagsins. Hin umsamda greiðsla, svo sem henni er lýst í umræddu skjali, var í vörslum þriðja manns, þ. e. Visa-Íslands, eftir að vöruúttekt hafði farið fram. Stefnandi var þannig sviptur umráðaréttinum.

Á það verður að fallast, að samningurinn hafi falilð í sér tryggingarréttindi stefnda til handa, handveðsréttareðlis, til tryggingar því, að framkvæmdin á viðskiptunum gengi með umsömdum hætti. Handveðsígildi þetta stofnaðist, um leið og stefnandi tók á sig greiðsluskylduna samkvæmt samningnum, og var til tryggingar greiðslu á andvirði úttektarinnar. Breytir hér engu um, hvort innstæða var í hvert skipti til greiðslu á allri úttektinni eða hvort hún varð til síðar. Var handveðsígildi þetta gilt samkvæmt 2. tölulíð 24. gr. laga nr. 6/1978. Þegar af þessari ástæðu verður þessari tryggingar-ráðstöfun þrotabúsins ekki rift á þessum grundvelli.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að sú ráðstöfun Grundarkjörs hf. að framselja stefnda andvirði allra Visa-viðskipta einnar af verslunum félagsins hafi verið ólögmat og sé riftanleg á grundvelli VIII. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Skal fyrst vikið að þeim málsástæðum, að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri eða greidd hafi verið fjárhæð, sem úrslitum réð um gjaldfærni þrotamanns, enda hafi greiðslan ekki virst venjuleg eftir atvikum, sbr. 54. gr. laganna.

Um er að ræða greiðslueyri, sem málsaðilar sömdu upphaflega um við samningsgerð 28. mars 1990, að notaður yrði. Þá er á það að líta, að peningar og peningaávisanir teljast að jafnaði venjulegur greiðslueyrir. Enn fremur hefur verið lagt fram bréf Verslunarráðs Íslands, dags. 15. mars 1990, þar sem það fullyrðir, að greiðslur sem þessar hafi ekki verið óalgengar í hliðstæðum viðskiptum. Þá naut stefnandi staðgreiðsluafsláttar vegna viðskipta þessara. Með hliðsjón af þessu verður ekki talið, að hinn umsami greiðslumáti, þ. e. ávisun á peningagreiðslur eða inneign hjá Visa-Íslandi, sé óvenjulegur greiðslueyrir í skilningi 54. gr. laga nr. 6/1978.

EKKI verður litið svo á, að heildargreiðslugeta þrotamanns hafi skerst verulega við greindan greiðslumáta. Að undanskilinni greiðslu á 870.146,30 kr., sem var greiðsla á eldri víxli, komu verðmæti fyrir greiðsluna, þ. e. vöruúttekt hjá stefnda. Annars vegar var stefndi að afla sér tryggingar fyrir greiðslu vörunnar, og hins vegar var stefnandi að leggja grundvöll að framhaldi reksturs verslunarinnar. Tryggingin var að frátalinni áðurgreindri undantekningu stofnuð um leið eða eftir að verðmætið var látið af hendi. Sé litið til umsvifa stefnanda, verður ekki talið, að sýnt hafi verið fram á, að fjárhæð sú, sem rann til greiðslu á umræddum eldri víxli, hafi ráðið úrslitum um gjaldfærni hans, enda um að ræða greiðslu á skuldakröfu, þegar gjaldfallinni. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefnanda, að riftun sé heimil á grundvelli 54. gr. laganna vegna þess, að greiðslan hafi ráðið úrslitum um gjaldfærni þrotamanns.

Þá skal vikið að þeirri málsástæðu stefnanda, að ráðstöfun þrotamanns á Visa-viðskiptum sé riftanleg á grundvelli 1. mgr. 57. gr. laga nr. 6/1978 um riftun á tryggingarréttindum, sem kröfuhafi fékk á öðrum tíma en til skuldar var stofnað. Stefnandi telur, að líta megi á framsal þrotamanns sem tryggingarráðstöfun vegna viðskipta þrotamanns og stefnda síðustu vikur og mánuði fyrir gjaldþrot, og heldur hann því fram, að heimilt sé að rifta slíkum tryggingarráðstöfunum, vegna þess að þær mismuni kröfuhöfum.

Svo sem áður greinir, verður á það fallist, að samningurinn feli í sér tryggingarréttindi stefnda til handa, eins konar handveðsigildi, til tryggingar viðskiptum málsaðila. Hins vegar ber að líta til þess, að tryggingarréttindi þessi hafi stofnast, um leið eða áður en verðmæti voru látin af hendi og þrotabúið tók á sig greiðsluskylduna samkvæmt samningnum, þó að undan-

skilinni greiðslu á 870.146,30 kr., sem greiddar voru inn á víxil með gjalddaga 1. maí 1990.

Grundvallarsjónarmið samkvæmt 1. mgr. 57. gr. er að heimila riftun á veðréttindum eða öðrum tryggingarréttindum, sem ætlað er að veita kröfuhöfum betri stöðu fyrir eldri kröfum en fyrir var. Því er veðréttur samkvæmt þessu ákvæði yfirleitt aðeins riftanlegur, að hann sé til tryggingar eldri skuld, þ. e., að skuldin hafi verið fyrir, áður en tryggingarráðstöfunin fór fram. Hafi tryggingarrétturinn verið stofnaður á undan kröfunni eða um leið og verðmætið, sem kröfuna stofnaði, var látið af hendi, er ekki unnt að rifta samkvæmt þessu ákvæði. Ólíku er saman að jafna, hvort verið er að afla sér sérstöðu meðal kröfuhafa með tryggingu eldri skuldar eða verið er að láta verðmæti af hendi. Er við þessa lögskýringu höfð hliðsjón af fyrirmynd ákvæðisins í gildandi dönskum gjaldþrotalögum, sem hefur verið skýrð þannig.

Af greindri ástæðu verður þessari tryggingarráðstöfun þrotabúsins ekki rift á grundvelli þessarar riftunarheimildar, nema að því er tekur til áðurgreindrar greiðslu á víxli með gjalddaga 1. maí 1990. Með bréfi Íslensk-ameríska hf., dagsettu 12. nóvember 1991, sem lagt hefur verið fram í málinu, segir, að víxill þessi hafi verið gefinn út til framlengingar víxli, að fjárhæð 1.652.005 kr., með gjalddaga 1. mars 1990, eftir að sá víxill hefði verið greiddur niður og greiddur hefði verið bankakostnaður. Er ljóst, að með því að nota andvirði þessara tryggingarréttinda til greiðslu á þegar gjaldföllnum víxli, sem til orðinn er vegna eldri skuldar stefnanda, er verið að mismuna þeim kröfuhöfum búsins, sem sambærilegar kröfur áttu á hendur því. Verður þegar af þeirri ástæðu að fallast á riftun tryggingarréttindanna sem þessari greiðslu nemur.

Sú málsástæða stefnda, að stefnandi hafi fyrirgert rétti til riftunar, þar sem stefnandi hafi ekki orðið við þeirri kröfu hans að skila vörum þeim, sem enn voru til í búinu vegna skiptanna, sbr. 64. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, breytir ekki þessari niðurstöðu, enda hefur stefndi ekki sýnt fram á, að þær vörur hafi verið til í búinu, sem skuld samkvæmt umræddum víxli var til greiðslu á. Þá er jafnframt óþarft að taka afstöðu til þeirrar málsástæðu stefnanda, sem fram kom hjá honum í munnlegum málflutningi, að stefndi hefði ekki haft heimild til að nota greiðslur samkvæmt samningnum frá 28. mars 1990 til greiðslu annars en vöruúttekta, þ. e. ekki til greiðslu skuldar samkvæmt umræddum víxli.

Telja verður, að stefndi hafi gert þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar voru til viðhalds og verndar þessum réttindum, sbr. síðari málslið 1. mgr. 57. gr., þar sem hann lét þann aðila, Visa-Ísland, sem var eins konar vörslumaður

veðsins samkvæmt samningnum, án óhæfilegs dráttar árita hann til staðfestingar á vitneskju sinni um þessa ráðstöfun, jafnframt því sem hann fékk eintak samningsins í hendur.

Þá ber að taka til umfjöllunar þá málsástæðu stefnanda, að ráðstöfun þrotamanns hafi verið ótilhlýðileg að því leyti, að hún hafi verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa og þannig brotið gegn meginreglunni um jafna stöðu kröfuhafa. Vísar stefnandi til 61. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Hann fullyrðir, að þegar ráðstöfun þessi hafi verið gerð, hafi þrotamaður verið orðinn ógjaldfær og stefndi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni þrotamanns. Stefnandi telur, að ráðstöfun þessi hafi beinlínis verið gerð vegna þess, að gjaldþrot hafi blasað við þrotamanni.

Regla 61. gr. laga nr. 67/1978 er reist á huglægum grundvelli, þ. e., að stefndi hafi meðal annars vitað eða mátt vita um ógjaldfærni skuldara, þegar ráðstöfun þessi var gerð, svo og, að ráðstöfunin hafi verið ótilhlýðileg og á kostnað annarra kröfuhafa. Sönnunarbyrðin fyrir því, að greinin eigi við, hvílir á þrotabúi. Ber búið sönnunarbyrðina um ógjaldfærni stefnanda og um það, hvort stefndi hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærnina, og um þær aðstæður, sem gerðu ráðstöfunina ótilhlýðilega.

Ætla má, að stefndi hafi gert umræddan samning til að tryggja stöðu sína og því talið stöðu sína ótrygga, áður en hann var gerður. Á hinn bóginn hefur ekkert verið fært fram í máli þessu, er bendi til, að stefndi hafi vitað um ógjaldfærni stefnanda, þ. e., að eignir stefnanda hafi verið minni en skuldir á þeim tíma, er samningur var gerður. Ekki hefur verið gert sennilegt, að stefnandi hafi orðið ógjaldfær sérstaklega vegna samningsins. Svo sem áður greindi, hvílir sönnunarbyrðin um framangreind atriði á búinu, og verður ekki talið, að stefnanda hafi tekist sú sönnun.

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið raktar, verður að fallast á riftunarkröfu stefnanda, að því er tekur til 870.146,30 kr. Stefnandi reisir endurgreiðslukröfu sína vegna riftunar samkvæmt 1. mgr. 57. gr. laga nr. 6/1978 á 62. gr. laganna. Samkvæmt 1. málslíð þess ákvæðis ber þeim, sem hag hafði af ráðstöfun eða réttargerð, að greiða búinu fé, sem svarar til þess, er greiðsla búans hefur orðið honum að notum, þó ekki hærrí fjárhæð en tjóni búans nemur. Markmið ákvæðisins er að gera riftunarþola eins settan og hin riftanlega ráðstöfun hefði aldrei farið fram. Samkvæmt þessu verður að telja rétt, að stefndi greiði búinu 870.146,30 kr. auk vaxta, svo sem krafist er í stefnu, þ. e. frá 2. júní 1990 til greiðsludags.

Eftir atvikum málsins og samkvæmt úrslitum þess þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 150.000 kr. í málskostnað.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

## D ó m s o r ð:

Ávísun/framsali Grundarkjörs hf. á andvirði Visa-viðskipta félagsins vegna verslunar félagsins að Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði, til stefnda, O. Johnson & Kaaber, fyrir úttektartímabilið 18. apríl til 17. maí 1990, að fjárhæð 870.146,30 kr., er rift.

Stefndi greiði stefnanda, þrotabúi Grundarkjörs hf., 870.146,30 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. júní 1990 til greiðsludags og 150.000 kr. í málskostnað. Vextir af málskostnaði reiknist samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

---